



Fundargerð

Boðandi	Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir	Dagsetning	14.02.2025
Staðsetning	TEAMS	Tími	15:30 – 16:00
		Málsnúmer	MAR23110134
Boðuð	Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson		
Þátttakendur	Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson		

88. fundur Fiskeldissjóðs

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir 85., 86. og 87. fundar samþykktar.

2. Ársskýrsla 2024

Kynnt staða á ársskýrslu sjóðsins fyrir árið 2024. Efni hefur verið samþykkt en beðið er eftir nokkrum ljósmyndum frá þremur sveitarfélögum. Reiknað er með að skýrslan sem verður rafræn geti birst á vef sjóðsins í næstu viku, og ársreikningi verði bætt við hana þegar hann liggur fyrir.

Stjórn samþykkir ársskýrsluna með fyrirvara um lokafrágang og útlit og felur formanni að ljúka afgreiðslu hennar.

3. Önnur mál

Staða verkefna við stjórnarskipti

26 af 42 verkefnum er lokið, 13 verkefni eru hafin og mörg langt komin, 2 verkefni hafa ekki farið af stað, bæði frá árinu 2024. Upplýsingar vantar um 1 verkefni.

Yfir árin hefur stjórn haldið að jafnaði 20 fundi á ári, samtals 88 sinnum. Stjórnarformaður þakkar meðstjórnendum sínum fyrir skemmtilegt og ánægjulegt samstarf yfir árin. Hann þakkar einnig starfsfólki ráðuneytisins sem hefur komið að sjóðnum. Sveitarfélögum er þakkað fyrir gott samstarf. Að lokum óskar hann nýrri stjórn velfarnaðar.

Fundargerð þessi var yfirfarin og samþykkt á fundinum.



Fundargerð

Ákvarðanir

Næstu skref

Næsti fundur

Dagsetning, tími, staðsetning.